

Fisherman ehf.
Aðalgötu 15
430 Suðureyri



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 27.05.2022
Tilv. 2022/0064 - 2.0.02
MVS

Efni: Umhverfisfullyrðingar Fisherman ehf.

Vísað er til erindis Neytendastofu, dags. 1. mars 2022, og svarbréfs Fisherman ehf., mótttekið 28. mars 2022. Í bréfi Neytendastofu kom fram að stofnuninni hafi borist ábendingar vegna fullyrðinga Fisherman um vistvæna og umhverfisvæna framleiðslu, lágmarks umhverfisspor, sjálfbærni o.fl. Eftir skoðun á vefsíðu og umbúðum utan um vörur félagsins taldi Neytendastofa að nánar tilgreindar fullyrðingar þörfuðust nánari skýringa og sannana. Í bréfinu kom fram að það væri álit stofnunarinnar að ákvæði 1. mgr. 8. gr., b. og f. liða 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr. og 13. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, kynnu að eiga við um málið.

Í svarbréfi Fisherman, mótttekið 28. mars 2022, kom fram að félagið myndi fjarlægja orðin vistvæn, umhverfisvæn og sjálfbær úr kynningarefni félagsins.

Það er álit Neytendastofu að notkun Fisherman á ofangreindum umhverfisfullyrðingum í kynningar- og auglýsingarefni, án fullnægjandi sannana, hafi brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., b. og f. liða 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Fisherman ehf. bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti.

Með hliðsjón af eðli málsins og að teknu tilliti til þess að Fisherman hefur fjarlægt hinar umdeildu fullyrðingar úr kynningar- og auglýsingarefni sínu mun Neytendastofa að svo stöddu ekki grípa til frekari aðgerða en stofnunin leggur áherslu á að félagið gæti að ákvæðum laga nr. 57/2005 er viðkemur fullyrðingum í kynningar- og markaðsefni félagsins.

Vakin er athygli á málskotsheimild til áfrýjunarnefndar neytendamála skv. 4. gr. laga um Neytendastofu nr. 62/2005. Skrifleg rökstudd kæra skal berast til áfrýjunarnefndar neytendamála, Steinási 16, 210 Garðabæ, innan fjögurra vikna frá móttöku þessa bréfs. Auk þessa skal rafrænt afrit af undirritaðri kæru berast nefndinni á netfangið afryjunarnefnd@anr.is.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu

Matthildur S.
Matthildur Sveinsdóttir

Margeir V. Sig.
Margeir Valur Sigurðsson